



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um götulýsingar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 15. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnafulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að gerð verði úttekt á götulýsingum við gangbrautir. Gera þarf nákvæma úttekt á hvar þarf að gera betrubætur strax og hvernig yrði síðan forgangsröðun á lagfæringum með það að markmiðið að gera götulýsingar við gangbrautir fullnægjandi. Dæmi eru um að gangbrautir sjáist illa vegna slæmrar lýsingar við þær.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 22. febrúar sl.

Umsögn:

Úttekt hefur þegar verið gerð á lýsingu göngupverana í borginni og eru rúmlega 1900 staðir sem hægt er að kalla göngupverun yfir götu og þar af rúmlega 300 með gangbrautamerkingum.

Í drögum að Ljósvisistarstefnu varð breyting á forsendum lýsingar á gangbrautum á þann hátt að staðsetning staura/lampa er ákveðin með með sérlyksingu í huga. Sú lýsing er miklu bjartari og lýsir á hlið gangandi vegfarenda í akstursstefnu. Eldri lýsing er venjulegur gatnalýsingarlampi settur við gangbrautarenda til þess að auka lýsingu á gönguleiðinni.

Lýsing við gangbrautir hefur verið yfirfarin við almenna led-væðingu götulýsingar þar sem hægt er. Þeirri vinnu verður haldið áfram þegar aftur verður veitt fjármagn til LED-væðingar.

Í nokkrum tilfella er lýsing gangbrauta bætt í verkefnum umferðaröryggisaðgerða. Sem dæmi eru 10 göngupveranir í útboði umferðaröryggisaðgerða 2023 sem fá gangbrautarsérlyksingu.

Beðist er velvirðingar á því hve seint umsögnin berst.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri